

Lög

**um breytingu á lögum um yfirskattanevnd, nr. 30/1992,
lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, tollalögum, nr. 88/2005,
og lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002 (yfirskattanevnd
tekur við verkefnum ríkistollanefndar, afmörkun
úrskurðarvalds, málsmeðferð o.fl.).**

I. KAFLI

Breyting á lögum um yfirskattanevnd, nr. 30/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Yfirskattanevnd skal úrskurða í kærumálum vegna skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af ríkisskattstjóra. Yfirskattanevnd skal úrskurða í kærumálum vegna þeirra ákvarðana tollstjóra sem greinir í 118. gr. tollalaga. Jafnframt tekur úrskurðarvald yfirskattanefndar til annarra ákvarðana ríkisskattstjóra og tollstjóra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum.

Yfirskattanevnd skal úrskurða í kærumálum vegna ákvörðunar skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af öðrum stjórnvöldum en greinir í 1. mgr. eftir því sem ákveðið er í lögum.

Yfirskattanevnd skal úrskurða um sektir vegna brota á skattalögum, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Aðila máls er heimilt að skjóta ákvörðun ríkisskattstjóra, tollstjóra eða annars stjórnvalds, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr., til yfirskattanefndar. Með hugtakinu stjórnvald er í lögum þessum átt við það stjórnvald sem tekið hefur ákvörðun sem kæránleg er til yfirskattanefndar.

b. Í stað orðsins „skattaðilar“ í 2. mgr. og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í lögum kemur (í viðeigandi beygingarfalli og tölu): málsaðilar.

c. 3. mgr. orðast svo:

Við ákvörðun sekta skv. 3. mgr. 2. gr. kemur skattrannsóknarstjóri ríkisins fram sem kröfuaðili nema annað sé tekið fram í lögum.

3. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: stjórnvalds.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. og orðsins „Ríkisskattstjóri“ í 2. mgr. kemur: stjórnvaldi; stjórnvalds; og: Stjórnvald.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Innan 45 daga frá því að stjórnvaldi barst kæra skal stjórnvald hafa lagt fyrir yfirs-kattanefnd umsögn um kærana, eftir því sem það telur tilefni til, og þau gögn sem um ræðir í 2. mgr. Jafnframt skal stjórnvald senda viðbótarupplýsingar ef málavextir þykja vera þess eðlis að ástæða sé til þess að afla frekari gagna.
- c. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 4. mgr. kemur: stjórnvalds.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er yfirs-kattanefnd heimilt að taka mál til upp-kvaðningar úrskurðar án þess að leita umsagnar stjórnvalds sé málið talið einfalt úr-lausnar og ekki þörf á öflun gagna frá stjórnvaldi.

5. gr.

Í stað orðanna „ríkisskattstjóri“ í 2. másl. og „ríkisskattstjóra“ í 3. og 4. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: stjórnvald; stjórnvalds; og: stjórnvaldi.

6. gr.

Í stað tilvísunarinnar „3. mgr.“ í 13. gr. laganna kemur: 2. mgr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Úrskurður yfirs-kattanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.
- b. Í stað orðanna „ríkisskattstjóri“ og „hann“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: stjórnvald; og: stjórnvaldið.

8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Þegar yfirs-kattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda málsaðila, umboðsmanni hans og stjórnvaldi eintak úrskurðar. Stjórnvald skal framkvæma gjaldabreytingar sem stafa af úrskurði yfirs-kattanefndar að jafnaði innan tíu virkra daga frá því að úrskurður barst. Ráð-herra er þó heimilt að ákveða með reglugerð að yfirs-kattanefnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Málsaðilum skal tilkynnt um niðurstöðu máls og breyt-ingu gjalda í ábyrgðarbréfi, í almennri póstsendingu eða rafrænt.

II. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

9. gr.

5. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla.

10. gr.
Í stað orðsins „ríkistollanefndar“ í 3. mgr. 36. gr. laganna kemur: yfirskattanefndar.

III. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

11. gr.
Í stað orðsins „ríkistollanefndar“ í 1. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 117. gr. og orðsins „ríkistollanefnd“ tvívegis í 3. mgr. 125. gr. laganna kemur: yfirskattanefndar; og: yfirskattanefnd.

12. gr.
3. mgr. 38. gr. laganna fellur brott.

13. gr.
44. gr. laganna fellur brott ásamt fyrirsögn.

14. gr.
118. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Kæru til yfirskattanefndar.

Tollskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 111.–113. gr., sbr. 114. gr., úrskurði tollstjóra um leiðréttingu skv. 116. gr., kæruúrskurði skv. 117. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 21. gr. og 2. mgr. 145. gr. til yfirskattanefndar.

Um málsmeðferð fyrir yfirskattanefnd fer eftir lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

15. gr.
Tilvísunin „skv. 9. mgr. 118. gr.“ í 3. mgr. 125. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

16. gr.
Í stað orðsins „ríkistollanefndar“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: yfirskattanefndar.

17. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015 og frá þeim tíma tekur yfirskattanefnd við öllum óloknum ágreiningsmálum fyrir ríkistollanefnd.

Samþykkt á Alþingi 15. desember 2014.